



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 24.02.2011 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH), Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ). Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson (PG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar - Samþykkt
2. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og vallarsjóðs
 - a. Áætlunin samþykkt með fyrirvara um niðurstöðu í viðræðum við Garðabæ um fram komnar breytingatillögur bæjarins um ráðstöfun styrks til barna- og unglingsstarfs.
 - b. Aðalstjórn mun skipa sérstakan rýnihóp til að fara yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í Stjörnuheimilinu.
3. Rekstraráætlanir deilda 2011 - staða mála rædd
 - a. Gert er ráð fyrir að áætlanir meistaraflokka í knattspyrnu fyrir árið 2011 og endurskoðuð áætlun meistaraflokks karla í körfuknattleik til loka tímabils 2010-2011 liggi fyrir á næsta fundi.
 - b. Rekstrarniðurstaða fyrstu 2ja mánaða ársins 2011 mun liggja fyrir um miðjan mars. Í framhaldi af því verður kallað eftir útkomuspá vetraríþróttadeilda fyrir yfirstandandi keppnistímabil og áætlunum sömu deilda fyrir keppnistímabilið 2011-2012.
4. Samstarfssamningur UMF Stjörnunnar og Garðabæjar 2011-2012
 - a. Fram komnar hugmyndir bæjarins að breytingum á skilyrðum fyrir fjárveitingu til barna- og unglingsstarfs félagsins ræddar. Aðalstjórn hefur miklar efasemdir um fram komnar hugmyndir og felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með fulltrúum bæjarins vegna málsins.
 - b. Rætt um möguleg viðbrögð og breytingar á fyrirbyggjandi rekstraráætlun félagsins verði umræddar breytingar að veruleika. Ákvörðun bíður næsta fundar.
5. Önnur mál
 - a. JSI reyfaði málefni íþróttaskóla – drög að samningi við fimleikadeild verða send aðalstjórn til skoðunar – umræður - ákvörðun bíður næsta fundar.
 - b. SO ræddi dagsetningu aðalfundar - ákvörðun bíður næsta fundar.

Næsti fundur aðalstjórnar verður haldinn miðvikudaginn 02.03.2011 kl 17.15

Fundi slitið kl. 19:00

Ritað PGr